

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701  
Heimasiða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 7505/2013

Reykjavík, 21. nóvember 2018

Sigríður Á. Andersen  
dómsmálaráðherra  
Sölvhóls götu 7  
101 Reykjavík

Ég vísa til fyrri samskipta í tengslum við athugun mína er lýtur að aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu á Litla-Hrauni, en einnig að aðstæðum fanga almennt, þ. á m. þeirri geðheilbrigðis- og sálfræðiþjónustu sem föngum stendur til boða og aðbúnaði geðsjúkra fanga í afplánunarfangelsum.

Mér hefur nú borist meðfylgjandi svar velferðarráðuneytisins, dags. 8. nóvember sl., við fyrirspurnarbréfi mínu, dags. 10. október sl., sem yður var sent afrit af til upplýsingar. Svarbréf velferðarráðuneytisins ber með sér að yður hafi verið sent samrit af því.

Í ljósi þeirra upplýsinga sem koma fram í svari velferðarráðuneytisins óska ég eftir að dómsmálaráðuneytið upplýsi mig um hvort ráðuneytið telji að þær aðgerðir sem þær er lýst séu fullnægjandi til að bæta úr þeim annmörkum, sem dómsmálaráðuneytið hefur lýst í svörum sínum til míni, að framkvæmd laga um fullnustu refsinga tryggi ekki réttindi fanga samkvæmt 1. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 76. gr. stjórnarskráinnar og 3. gr. MSE með fullnægjandi hætti. Þá óska ég eftir að fram komi hvort og þá að hvaða marki þær aðgerðir sem velferðarráðuneytið lýsir muni bæta úr þeirri aðstöðu sem dómsmálaráðuneytið hefur lýst um að vistun alvarlega geðsjúks manns í afplánunarfangelsi gangi nærrí því að teljast brot á 1. mgr. 68. gr. stjórnarskrár, sbr. 3. mgr. MSE. Þá óska ég eftir því að ráðuneytið upplýsi mig um hvort svör velferðarráðuneytisins hafi þegar leitt til einhverra viðbragða af hálfu dómsmálaráðuneytisins og/eða hvort fyrir liggi hver næstu skref verði í málinu af þess hálfu.

Það hefur áður komið fram af minni hálfu að fyrirspurnir mínar til ráðherra heilbrigðismála og dómsmála, í framhaldi af bréfi ráðuneytis þess síðarnefnda til mín 14. mars sl., hafa verið liður í því að fá fram fullnægjandi svör til þess að ég geti sem allra fyrst tekið afstöðu til þess með hvaða hætti ég lýk þeim þætti frumkvæðis-athugunar á aðbúnaði og aðstæðum fanga í fangelsinu Litla-Hrauni sem varðar heilbrigðismál fanga. Þá hefur einnig komið fram af minni hálfu að ég telji brýnt að fá skýr svör um hvað hlutaðeigandi stjórnvöld ætla að gera til að bæta úr þeim alvarlegu annmörkum sem ráðuneyti dómsmála hefur lýst að séu á framkvæmd þessara mála að því er varðar vistun alvarlega geðsjúkra fanga áður en ég tek ákvarðanir um næstu athuganir mínar á grundvelli svonefnnds OPCAT-eftirlits.

Í samræmi við þetta er það eindregin ósk míni að svar við bréfi þessu hafi borist mér eigi síðar en 15. desember nk. Með bréfi þessu fylgir afrit af bréfi sem ég hef í dag sent Fangelsismálastofnun vegna þessa máls.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Gunnarsson